



UMHVERFISSTOFNUN

VEIÐI DAGBÓK

20
11






Garmin GPSmap 62s

Harðgerðasta útivistartækið byggt á vinsælasta GPS-tæki allra tíma. Aðgengileg valmynd, einfalt stýrikerfi og takkaborð gerir þetta tæki að stórskemmtilegum ferðafélaga á fjöllum. Mikil upplausn og skyggingar gefa góða tilfinningu fyrir landslagi og einnig er hægt að lesa loftmyndir og skönnuð kort í tækið.




GARMINBÚÐIN

www.garmin.is

Í eftirfarandi greinum birtast skoðanir og viðhorf greinahöfundna sem endurspeglar ekki alltaf skoðanir og viðhorf Umhverfisstofnunar. Með birtingu greinanna er ekki verið að taka afstöðu til efnis þeirra.



10



16



34

EFNISYFIRLIT

4
6
8
8
9
10
11
12
16
20
22
36
39
40
44

LEIÐARI
REFA- OG MINKAVEIÐI
SUNDURLIÐUÐ REFAVEIÐI 1998-2010
YFIRLIT REFA- OG MINKAVEIÐA 2007-2010
ÚTHLUTANIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI
ÚTGEFNI VEIÐIKORT 1995-2010
SKILAHAPPDRÆTTI UMHVÆRISSTOFNUNAR 2010
GREINING Á GÆSAVÆNGJUM ÚR VEIÐI
RANNSÓKNIR Á VARPVISTFRÆÐI GRÁGÆSA
SÆRÐIR FUGLAR OG HÆFNI VEIÐIMANNA
ALDURSHLUTFÖLL RjúPNA
VEIÐAR Á GÆSUM
SKRÁNING VEIÐISVÆÐA Á VEIÐISKÝRSLU
VEIÐITÖLUR
LISTI YFIR FRÍÐLÖND

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.
Borgir v/Norðurlöð • 600 Akureyri • Sími: 591 2000 • Bréfasími: 591 2101
Heimasíða: www.umhverfisstofnun.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsiðu: Einar Guðmann
Prentun: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700
Ritstjóri: Steinar Beck
Umbrót og hönnun: Einar Guðmann
Ábyrgðarmaður: Hjalti J. Guðmundsson
Útgáfunúmer UST-2011:01



UMHVÆRISSTOFNUN

Leiðari

Framtíð veiða á Íslandi byggist að miklu leyti á áliti almennings á veiðimönnum og veiðum. Við endurskoðun laga um veiðar getur þetta álít mótað og haft áhrif á löggjöfina. Það er ljóst að skotveiðar koma ekki til með að hljóta viðurkenningu allra í samfélaginu en veiðimenn geta lagt sitt af mörkum til að bæta mynd sína í augum almennings með því að temja sér gott siðferði, fara eftir lögum og reglum jafnt því að ganga vel um náttúruna og þá stofna sem veiða má úr. Þetta á sérstaklega við nú þegar útgáfa veiðikorta hefur verið að aukast verulega síðustu tvö árin og mikið af ungom og óreyndum veiðimönnum eru að feta sín fyrstu skref við veiðar. Á árinu 2010 voru gefin út rúmlega 2.400 fleiri kort en árið 2008 sem er mikil aukning á einungis tveimur árum. Auknum fjölda veiðimanna fylgir aukin ábyrgð þar sem mikilvægt er að réttum upplýsingum sé miðlað til nýrra veiðikortahafa og er það meðal annars hlutverk Umhverfisstofnunar.

Í mars 2010 var haldin ráðstefna um stöðu veiðistofna á Íslandi. Mikilvægt er að rannsakendur miðli rannsóknum sínum til veiðimanna og getur slíkur vettvangur því verið mjög mikilvægur fyrir báða aðila.


Úthlutun hreindýraveiðileyfa var með breyttu sniði á árinu 2010 og gekk mjög vel. Úthlutunin tók mið af nýrri

reglu, svokallaðri fimm skipta reglu sem miðaði að því að draga úr fjölda þeirra sem ekki hafa fengið úthlutað leyfi síðustu fimm ár. Skemmst er frá því að segja að allir þeir aðilar sem sóttu um leyfi og voru á þessum lista, alls 33 aðilar, fengu annað hvort úthlutað í útdrættinum eða lentu fremst í biðröð. Almennt voru menn nokkuð sáttir við þetta fyrirkomulag.

Undir lok ársins 2010 fór Umhverfisstofnun af stað með samráðsfundi sem báru yfirskriftina „Samráðsfundur um skotveiðar á Íslandi“. Markmið með fundunum var að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila í málaflöknum. Með þessari vinnu vill Umhverfisstofnun stuðla að bættri framkvæmd veiðistjórnunar með samstarfi og aðkomu helstu hagsmunaaðila og tryggja þannig að öll helstu sjónarmið komi fram. Alls var um 85 aðilum frá hinum ýmsu greinum sem tengjast veiðum boðið að taka þátt á fundum. Niðurstöður þessara funda voru mjög góðar og koma til með að nýtast Umhverfisstofnun og öðrum við mótun framtíðarstefnu okkar í veiðimálum.

Markmið Umhverfisstofnunar í veiðistjórnun er að skapa framtíðarstefnu í málaflöknum þar sem samvinna og samráð tengdra aðila er höfð að leiðarljósi. Verkefni ársins 2010 sem fjallað er um hér að framan eru liður í að ná þessu markmiði.

ALLT FYRIR VEIÐINA í Intersport Bildshöfða



 **INTERSPORT**

Bíldshöfða 20 / Sími: 585 7235 og 585 7239 / veidi@intersport.is
Opíð: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18

Refa- og minkaveiði

Árið 2011 mun ríkið hætta að taka þátt í að greiða með refaveiðum en endurgreiðslur vegna minkaveiða verða óbreyttar. Umhverfisstofnun hefur nú sent sveitarfélögum landsins bréf þess efnis að þau geti ekki vænst þess að fá endurgreiðslur vegna refaveiða á næsta ári, enda sé búið að fella niður fjárveitinguna í fjárlagafrumvarpinu, en hún var samtals um 17 milljónir króna í ár. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir því að styrkja minkaveiðar áfram með samsvarandi framlagi og var 2010.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins kemur fram, að niðurfelling styrkja til refaveiða sé líður í markmiði umhverfisráðuneytisins að mæta markmiði ríkisstjórnarinnar um lækkan ríkisútgjalda.

Sveitarfélögin ráða menn til refa- og minkaveiða. Sveitarfélögin sjá um að greiða ráðnum veiðimönnum fyrir veiðarnar en það er misjafnt milli sveitarfélaga hvort eða hve mikið þau greiða fyrir dýr sem

Umhverfisstofnun hefur sent sveitarfélögum landsins bréf þess efnis að þau geti ekki vænst þess að fá endurgreiðslur vegna refaveiða á næsta ári

óráðnir menn skila inn. Skilyrði þess að fá greitt fyrir dýr er að skotti sé skilað inn en hyggist menn fá greitt fyrir unnið dýr þarf að hafa samband við sveitarfélagið þar sem dýrið var unnið.

Árlega auglýsir Umhverfisráðuneytið viðmiðunartaxta sem ákvarðaður er út frá þeirri upphæð sem áætluð var í málaflökkin á fjárlögum ársins og veiðum undangenginna ára. Uppgjörstímabilið er 1. september til 31. ágúst vegna veiða undangengins árs en í október senda sveitarfélög Umhverfisstofnun veiðiskýrslur og reikninga tímabilsins. Umhverfisstofnun fer yfir skýrslur og reikninga tímabilsins og greiðir sveitarfélögum allt að helmingi viðmiðunartaxtans. Ljóst er að þar sem ríkið hættir að taka þátt í niðurgreiðslu vegna refaveiða verða sveitarfélög að endurskoða með hvaða hætti staðið er að veiðunum.

Refa- og minkaveiðar

Tölurnar eru samantekt sem nær yfir tímabilið 1957-2010

Refaveiði



Minkaveiði



Árið 2010 bárust skýrslur frá 69 sveitarfélögum vegna refa og minkaveiða. Uppgjörstímabilið er frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Mótframlag ríkisins vegna refaveiða árið 2010 var um 15,8 milljónir og um 11,4 milljónir vegna minkaveiða.

Sundurliðuð refaveiði 1998-2010

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2010	2.890	1.270	2.219	6.379
2009	3.540	1.121	2.084	6.745
2008	3.092	1.089	2.259	6.440
2007	2.397	939	1.908	5.244
2006	2.687	858	1.875	5.420
2005	2.151	991	2.183	5.325
2004	2.340	1.084	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

Yfirlit refa- og minkaveiða 2007-2010

	Refir			Minkar		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Veidd dýr	6.379	6.745	6.440	3.702	4.818	5.423
Vinnustundir	14.047	15.089	13.155	6.458	9.120	11.085
Eknir km	72.022	73.605	58.195	48.993	68.730	75.151
Kostnaður millj.kr	87	89	68	28	37	38
Kostn. pr.veitt dýr	13.664	13.725	12.967	7.652	7.615	7.039
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,2	2,3	2,5	1,7	1,9	2,0
Eknir km. pr. veitt dýr	11,3	11,4	11,1	13,2	14,3	13,9

Í þessum tölum eru ekki tölurnar úr minkaveiðitakinu í Eyjafirði og á Snæfellsnesi.



Ljósmynd: Einar Guðmann - guðmann.is

Úthlutanir úr veiðikortasjóði

Árið 2010 var úthlutað úr Veiðikortasjóði af rekstrarafgangi ársins 2009 til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Rannsóknir á lunda við Ísland	2.443.100,-	Náttúrustofa Suðurlands	Erpur S. Hansen
Heiðargæsavarpis í Þjórsárverum og Guðlaugstungum	4.800.000,-	Náttúrufræðist. Íslands	Kristinn H. Skarphéðinsson
Aldursgreining gæsa í sárum	1.407.000,-	Náttúrustofa Austurl.	Halldór W. Stefánsson
Breytileiki í gæðum varpbúsvæða grágæsa	1.000.000,-	Háskólasetur Suðurlands	Tómas G. Gunnarsson
Vöktun á unghlutfalli í veiðistofnum gæsa og anda	2.056.000,-	Verkís	Arnór Þ. Sigfússon
Rjúparannsóknir 2009-2010	16.000.000,-	Náttúrufræðist. Íslands	Ólafur K. Nielsen
Gerð kennslumyndbands við veiðar	500.000,-	Bjarmaland	Snorri H. Jóhannesson
Vöktun refastofnsins	2.800.000,-	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Samtals:	31.006.100,-		



Útgefin veiðikort 1995-2010

Fjöldi útgefinna veiðikorta, tekjur og kostnaður.

Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Greidd veiðikort	Tekjur	Rekstrarkostn.
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8
2008	11.347	10.430	10.424	24,9	12,0
2009	13.755	12.421	12.400	48,4	16,8
2010	13.593	12.926	12.838	48,0	15,4

Skilahappdrætti 2011

Veiðimenn sem skila veiðiskýrslum fyrir lok dags 15. febrúar eiga möguleika á happdrættisvinningi. Dregið var úr 7.126 skýrslum að þessu sinni.

1. Verðlaun

Garmin Dakota 10 GPS staðsetningartæki með Íslandskorti að verðmæti kr. 68.800,-

Vinningshafi:

Óskar Halldór

Tryggvason

Fellsseli

641 Húsavík



2.-10. Verðlaun

Bækur eftir Einar Guðmann:
Skotvopnabókin og Veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Gunnar Bóasson

Túngötu 5
640 Húsavík

Hörður Lillendahl

Vesturási 2
110 Reykjavík

Jón Berharð Kárason

Hamarsgötu 25
750 Fáskrúðsfjörður

Ívar Örn Helgason

Laufbrekku 25
200 Kópavogur

Einar Ísfeld Ríkharrðsson

Baugakór 5
203 Kópavogur

Runólfur Björn Gíslason

Lyngheiði 21
810 Hveragerði

Karl Á Rögnvaldsson

Faxatúni 19
210 Garðabær

Jónas Jónasson

Fellahvarfi 17
203 Kópavogur

Marinó Óli Sigurbjörnsson

Seljateigur
730 Reyðarfjörður



Greining á gæsavængjum úr veiði

Árið 1993 hóf ég að safna vængjum af öndum og gæsum frá veiðimönnum til aldursgreininga á veiðinni. Vængjunum hefur verið safnað víðsvegar að af landinu og verið flokkaðir eftir tegundum og aldursþópum, þ.e. annars vegar ungfuglar á fyrsta ári og hins vegar eldri fuglar. Frá upphafi verkefnisins hafa alls verið aldursgreindar rúmlega 25 þúsund gæsir og þar af tæplega 13 þúsund frá 2003.

Markmið þessara rannsókna er að vakta varpárangur veiðistofnanna en hlutfall unga í veiði gefur vísbendingu um það hvernig varp tegundanna hefur gengið. Söfnun og greining anda- og gæsavængja hefur farið fram nær samfellt síðan 1993, þó féll greining niður 2001 og 2002.

Helstu niðurstöður eru þær að góð samsvörum er milli unghlutfalls í



Ljósmynd: Einar Guðmann - gudmann.is


Grágæs

veiði og þess sem mælt er af breskum vísindamönnum í gæsaþópum á vetrarstöðvunum sem bendir til

að báðar aðferðir gefi okkur góða vísitölu yfir ungaframleiðslu í stofnunum. Ungahlutfall er nokkuð mismunandi eftir tegundum. Það er hæst hjá grágæs, um 42%, nokkuð lægra hjá heiðagæs eða um 30%

og hjá blesgæs var það um 33% á meðaltali þó síðustu árin sem blesgæs var veidd hafi hlutfallið lækkað mjög. Hjá helsingjanum er hlutfallið um 28%.


Hlutfall unga í grágæsaveiðinni 2008 er það hæsta sem sést hefur og svipað því sem var 2004 og 2007 en árið 2009 er það fjórða hæsta sem sést hefur.



1. mynd. Hlutfall grágæsaunga í vængjasýnum. Sýnastærð árs er tilgreind í hverri súlu og sýnd eru 95% vikmörk hlutfallsins.

Hlutfall unga í grágæsveiðinni 2008 er það hæsta sem sést hefur og svipað því sem var 2004 og 2007 en árið 2009 er það fjórða hæsta sem sést hefur (sjá mynd 1). Þetta bendir til að varpárangur gæsanna hafi verið með besta móti sumarið 2009 og er það þriðja árið í röð sem góður varpárangur er eftir tvö mögur ár þar á undan. Því má búast við að stofninn gæti vaxið, en niðurstaðna talninga frá haustinu 2009 og mælinga á

ungahlutfalli á vetrarstöðvum er ekki að vænta frá Wildfowl & Wetlands Trust (WWT) fyrr en haustið 2010. Þess ber þó að geta að veiðar á grágæs hafa verið að aukast mjög síðastliðin 2 ár og samkvæmt veiðitólum frá Umhverfisstofnun var veiðin rúm 45 þúsund fuglar árið 2008 og yfir 50 þúsund 2009. Þessi mikla aukning á veiðinni gæti því valdið því að stofninn standi í stað þó ungaframleiðslan sé mikil.



2. mynd. Hlutfall heiðagæsaunga í vængjasýnum. Sýnastærð árs er tilgreind í hverri súlu og sýnd eru 95% vikmörk hlutfallsins.

Hlutfall unga í heiðagæsveiðinni árið áður var það þriðja hæsta sem mælst hefur frá upphafi og virðist sem varþangur heiðagæsa sumarið 2008 hafi verið mjög góður eftir þrjú nokkuð mögur ár en heldur minni árið 2009 (sjá mynd 2). Þó má búast við að heiðagæsastofninn vaxi enn á árinu 2009 en stofninn hefur verið í uppsveflu frá aldamótum samkvæmt talningum WWT (Mitchell 2008).

Ef vængir eru sendir til okkar þá óskum við eftir að alltaf sé sendir vængir sömu megin af fuglunum, t.d. hægri vængir og gætið þess að geyma þá ekki í plastpokum þar sem þeir úldna þar fljótt.

Á árunum 1995 til 2000 var meðalungahlutfall helsingja í veiðinni 25,9% sem er lægsta unghlutfallið af þeim þremur tegundum gæsa sem heimilt er að veiða hér á landi (Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004). Meðalungahlutfall frá 1995-2009 er heldur hærra eða um 28% (95% öryggismörk; 22-34%), sem er svipað og hjá heiðagæsinni. Þar sem veiðar á blesgæsum voru

Ljósmynd: Einar Guðmann - guðmannis



bannaðar 2006 eru hlutföll unga sem fyrir 2006 til 2009 mæld með fjarsjá á ökrum og túnnum þannig að þau eru ekki sambærileg við fyrri athuganir. Ungahlutfall í veiðinni 2005 var nokkuð gott samanborið við árin þar á undan, en hafa verður í huga að sýnastærð var með minna móti. Árið 2006 var svo aldurshlutfallið í ökrum og túnnum einungis um 7% sem er mjög lélegt en heldur betra 2007 eða um 10%. Næstu tvö árin, 2008 og 2009 nær svo unghlutfallið í um 15% en talið er að hlutfall unga í stofni blesgæsa þurfi að vera yfir 15% til að stofninn nái að vega upp á móti afföllum og stækka. Eftir friðun hér 2006 hætti blesgæs að fækka og hefur staðið í stað en unghlutfall síðustu 2 ár gefur vonir um að hann gæti jafnvel rétt eitthvað úr kútnum.

Lokaorð

Eins og sagði að framan þá væru þessar athuganir ekki mögulegar nema með dyggri aðstoð veiðimanna.

Auglýst er eftir vængjum í veiðidagbók Umhverfisstofnunar auk þess sem Hjálmar Ævarsson hjá Hlað hefur góðfúslega leyft okkur að auglýsa eftir vængjum á spjallinu á hlað.is og Gísli Hjörleifsson hefur birt auglýsingu frá okkur á veidimadur.is.

Ef vængir eru sendir til okkar þá óskum við eftir að alltaf séu sendir vængir sömu megin af fuglunum, t.d. hægri vængir og gætið þess að geyma þá ekki í plastpokum þar sem þeir úldna þar fljótt. Eins mætum við á staðinn ef því verður við komið, en ég er staðsettur í Reykjavík og Halldór Walter Stefánsson á Egilsstöðum. Hægt er að hafa samband við okkur símleiðis í síma 843 4924 (APS) eða 846 5856 (HWS) og einnig með tölvupósti á ats@verkis.is (APS) eða doco@mi.is (HWS). Séu vængir sendir með flugi eða flutningaþjónustu þá greiðum við sendingakostnað og er heimilisfangið:

Arnór Þ. Sigfússon
Verkis, Ármúla 4
108 Reykjavík

Rannsóknir á varpvistfræði grágæsa

Á Íslandi verpa tvær tegundir svokallaðra grárra gæsa: grágæs (*Anser anser*) og heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*) og er mun meira veitt af grágæs. Miðað við veiðitölur (ust.is), veiða íslenskir veiðimenn um 35 þúsund grágæsir í meðalári. Að auki veiða Bretar óþekktan fjölda grágæsa af íslenskum uppruna sem þó telja líklega nokkur þúsund. Talið er að stofn íslenskra grágæsa sé um 110 þúsund fuglar um þessar mundir (Mitchell 2010) svo ljóst er að veiðiálag á grágæs er gríðarmikið. Skipulag

slíkra hlunninda verður að taka mið af stærð stofna og vistfræði þeirra ef nýta á stofnana af ábyrgð. Fyrsta skrefið er að greina uppsprettuna svo hana megi varðveita, þ.e. vita hversu mikið verður til af fuglum og hvaða svæði framleiða mest. Næsta skref er að greina hvernig ferðalög fugla standa undir veiðanlegum

stofnum á tilteknum veiðisvæðum og hvernig dreifing fugla skarast við aðra hagsmuni í landnotkun. Á sumum svæðum er væntanlega verulegur innflutningur fugla annars staðar frá (t.d. í grágæsaveiðum seint á haustin á Suðurlandi) sem heldur uppi veiði en á öðrum svæðum er líklega einkum veitt úr staðbundnum varpstofnum (t.d. víða um norðanvert landið).

Grágæs verpur nær eingöngu á láglandi þar sem búsvæðaval og dreifing m.t.t. landslags er nokkuð þekkt (Tómas Grétar Gunnarsson o.fl. 2008) en ekki er vitað hver breytileiki er í varpárangri milli landshluta og búsvæða. Á veiðitíma eru grágæsir einkum veiddar á ræktuðu landi á láglandi þar sem sókn er mikil allt frá upphafi veiðitíma 20. ágúst þar til flestar grágæsir eru farnar af landi brott seinni

hluta nóvember í flestum árum. Til að tryggja sjálfbæra nýtingu á dýrastofnum þarf vöktun á helstu þáttum sem takmarka stærð stofna og góðan skilning á orsökum affalla og stjórnun ungaframleiðslu. Hvað varðar stofn íslenskra grágæsa þá fara fram stofnmælingar með talningum utan varptíma (Frederiksen o.fl. 2004).

Tengsl búsvæðavals og varpárangurs eru óþekkt en slík vitneskja myndi gera kleyft að forgangsráða búsvæðum eftir mikilvægi fyrir grágæs.



Grágæsir

Þá eru útbreiðsla og búsvæðaval á vetrarstöðvunum í Bretlandi vel þekkt (Swann o.fl. 2005). Vísitölur á meðalvarpárangur hvers árs fást með því að skoða unghlutfall á vetrarstöðvum eftir skotveiðar á Íslandi og afföll á haustfari og síðustu ár einnig með mælingum á aldurshlutfalli í veiði (Frederiksen o.fl. 2004, Arnór Þórir Sigfússon 2010). Af þeim þáttum sem verka á varpstöðvum hefur varpárangur mest að segja um framvindu stofnsins en hann ræðst sennilega fyrst og fremst af framboði hentugra búsvæða í góðu ástandi og hvernig varpfuglar dreifast milli þessara búsvæða. Tengsl búsvæðavals og varpárangurs eru óþekkt en slík vitneskja myndi gera kleyft að forgangsráða búsvæðum eftir mikilvægi fyrir grágæs. Auk almenns náttúruverndargildis, myndi það auðvelda landeigendum

og yfirvöldum að haga landnotkun m.t.t. þeirra hagsmuna sem tengjast nýtingu grágæsa. Jafnframt gætu ferðaþjónustuaðilar kynnst betur möguleikum sínum á að þjónusta skotveiðimenn, og landeigendur tekið sig saman um að varðveita bestu varplönd grágæsa eftir því sem hægt er. Á Íslandi stafar búsvæðum grágæsar líklega helst ógn af breyttu landnýtingarmynstri á láglandi, t.d. aukinni skógrækt, ásókn í umsvif nálægt vatnsvegum (t.d. sumarhús og fiskirækt), truflun vegna aukinnar umferðar ferðamanna og aukinni ræktun í varpbúsvæðum tegundarinnar (Tómas Grétar Gunnarsson o.fl. 2006, Tómas Grétar Gunnarsson o.fl. 2008). Einnig er ófyrirséð hvaða áhrif beislun vatnsfalla hefur á láglandi, s.s. Þjórsár og vatna á Héraði, en vel er þekkt hvernig slíkar framkvæmdir geta breytt

dýrasamfélögum á bökkum ána (t.d. Nilsson og Dynesius 1994).

Sumarið 2009 fékkst styrkur úr Veidikortasjóði til að kanna tengsl búsvæðavals og varpárangurs grágæsa á Suðurlandi. Forkönnun var gerð sem leiddi í ljós að grágæsir verpa afar dreift meðfram stórárm og í votlendi á Suðurlandi. Ekki var farið úr í eyjar í stórárm að þessu sinni en þar má gera ráð fyrir meiri þéttleika. Þá voru gæsir með unga taldar á vatnasviðum á S- og SV-landi. Alls voru taldar 1122 grágæsir frá miðjum júní fram í miðjan júlí og var unghlutfall um 45%. Meðalhlutfall unga í veiði að hausti 1993–2009 var 42% (Arnór Þórir Sigfússon 2010). Í bígærð er að útvíkka rannsóknirnar 2011–2012 og kanna einnig grágæsavarp á Breiðafirði og á Héraði og að auka átak á Suðurlandi. Stefnt er að því að bera saman varptíma, varpþéttleika og varpárangur milli lykilsvæða grágæsa á þessum stöðum. Með því má varpa nokkru ljósi á við hvaða aðstæður grágæsir framleiða mest af ungum og hvernig íslenski grágæsastofninn getur staðið undir þeirri miklu veiði sem hann gerir. Niðurstöðurnar munu nýtast til að forgangsráða svæðum til verndar grágæsum og vonandi gagnast til að stuðla að farsælli nýtingu í framtíðinni.

Tómas Grétar Gunnarsson¹ og Jón Einar Jónsson²

¹Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Tryggvatata 36, 800 Selfoss/ Gunnarsholt 851 Hella.

²Háskólasetur Snæfellsness. Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur

Heimildir

Arnór Þórir Sigfússon 2010. Greining á gæsavængjum úr veiði. Skotvís 16: 7–13.

Frederiksen, M., R.D Hearn, C. Michell, A. Sigfússon, R.L. Swann & A.D. Fox 2004. The dynamics of hunted Icelandic goose populations: a reassessment of the evidence. – Journal of Applied Ecology 41: 315–334.

Mitchell, C. 2010. Status and distribution of Icelandic-breeding geese: results of the 2009 international census. Wildfowl & Wetlands Trust Report. Slimbridge.

Nilsson, C. & Dynesius, M. 1994. Ecological effects of river regulation on mammals and birds – a review. Regulated Rivers – Research and Management 9: 45–53.

Swann, R.L., Brockway, I.K., Frederiksen, M., Hearn, R.D., Mitchell, C. & Sigfússon A. 2005. Within-winter movements and site fidelity of Icelandic Greylag geese *Anser anser*. Bird Study 52: 25–36.

Tómas Grétar Gunnarsson, Jennifer A. Gill, Graham F. Appleton, Hersir Gíslason, Arnthor Gardarsson, Andrew R. Watkinson & William J. Sutherland 2006. Large-scale habitat associations of birds in lowland Iceland: Implications for conservation. Biological Conservation 128: 265–275.

Tómas Grétar Gunnarsson, Graham F. Appleton, Arnþór Garðarsson, Hersir Gíslason og Jennifer A. Gill 2008. Búsvæðaval og vernd grágæsa á láglandi. Bliki 29: 1–8.



ALLT Í SKOTVEIÐINA

Fjölbreytt úrval skotvopna frá heimsins bestu framleiðendum og allur annar búnaður sem skotveiðimenn þurfa á að halda. Komdu við hjá okkur áður en þú heldur til veiða.



FRAMTÝRA – SÁ



Særðir fuglar og hæfni veiðimanna

Talið er að á hverju ári missi skotveiðimenn frá sér ótítlekinn fjöldi særðra fugla. Ástæður þess geta verið misjafnar eftir atvikum en líklegt þykir að vanþekking á skotfærum og byssum ásamt skortur á hæfni veiðimanna ráði oft úrslitum. Misjafnt er hve mikið þessir fuglar eru særðir og í sumum tilfellum valda sárin ekki meiri skaða en svo að þeir geta flogið miklar vegalengdir og jafnvel á milli landa. Engu að síður eru fuglarnir særðir og bera þess lengi merki.

Skotveiðifélag Íslands og Umhverfisstofnun munu á þessu ári hrinda af stað átaki til að draga úr fjölda særðra fugla. Átakið mun meðal annars fela í sér að auðvelda veiðimönnum, byrjendum sem lengra komnum, að meta fjarlægðir og færið sem skotmark þeirra er í. Þá verða veiðimenn hvattir til þess að stunda æfingar á skotvöllum en víða um landið er að finna góða skotvelli þar sem skyttur geta lært og æft sig í listinni að skjóta fugl á flugi. Þá verður veiðimönnum kynnt hvernig mismunandi þrengingar virka í byssum og hvernig vindur getur haft

áhrif á dreifingu hagla. Einnig hver slagkraftur mismunandi haglastærða er á mismunandi færum og hvernig haglavöndurinn breytist eftir því sem fjarlægðin frá hlaupi að bráð eykst. Allt þetta ræður úrslitum um hvort bráð fellur örugglega í fyrsta skoti. Skotfimi er eins og hver önnur íþrótt, æfingin skapar meistarann og veiðimönnum ber siðferðileg skylda til að æfa sig áður en þeir fara með skotvopni til veiða. Jafnvel fáar ferðir „upp á skotvöll“ fyrir veiðitímabil breyta miklu um hæfni veiðimanna. Það er fátt eins ánægjulegt í upphafi tímabils og að nýta fyrstu færin sem gefast til fulls og því ættu allir veiðimenn að „hita upp“ áður en haldið er til veiða. Skotveiðimönnum er falið mikið traust þegar þeir öðlast leyfi til að veiða með skotvopni. Það fylgir því líka mikil ábyrgð að veiða dýr og taka líf þess. Allir veiðimenn eiga að gera það á eins skjótan hátt og auðið er og með sem minnstum kvölum fyrir bráðina. Afkoma veiðistofnanna er á ábyrgð okkar veiðimanna og þeir eru okkur dýrmæt auðlind. Án þeirra höldum við ekki til veiða og því ber okkur öllum að ganga um veiðilendur með virðingu, hvort heldur um er að ræða bráðina eða umhverfi hennar. Sé það haft í heiðri er hægt að stunda veiðar um ókomna tíð.



Ljósmynd: Einar Guðmann - gudmann.is

Stefnt verður að því að yta átakinu úr vör í sumar, áður en gæsaveiðitímabilið hefst. Þá verður fræðsluefni sett inn á heimasíðu SKOTVÍS, www.skotvis.is og www.ust.is.

Þá verða veiðimenn hvattir með auglýsingum, á vefsíðum og í fjölmiðlum til að æfa sig í skotfimi. Þetta verður hvatningarátak þar sem höfðað verður til þess að veiðimenn sýni ábyrgð og góða umgengni við veiðistofnana.

Góðir veiðifélagar styðja hver annan til að verða sífellt betri skyttur og betri veiðimenn. Því er tilvalið að veiðimenn fjölmenni til æfinga áður en haldið er til veiða.

Markmiðið er eins og áður segir að fækka særðum fuglum sem sleppa frá veiðimönnum. Eins og áður er hvatt til hóflegar veiði. Að lokum er við hæfi að rífa upp það sem fram kemur í 5. grein síðareglna SKOTVÍS:

- **Góður veiðimaður stærir sig ekki af feng sínum og keppir ekki við aðra um fjölda veiddra dýra.**
- **Þá er veiðidagur góður þegar hóflega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu, vakandi náttúruskyni og sært dýr liggur ekki eftir að kveldi.**

Aldurshlutföll rjúpna

Þekking á aldursamsetningu skiptir máli við að ráða í stofnstærð, stofnbreytingar og afföll rjúpna. Á sumrin má greina á milli rjúpuunga og fullorðinna rjúpna á stærð, þetta er hægt uns rjúpuungar eru um það bil tveggja mánaða gamlir. Fullvaxnar rjúpur má greina í tvo aldurshópa á lit handflugjaðra, annars vegar fugla á 1. ári og hins vegar eldri fugla. Íslenski rjúpnastofninn er vaktaður og hluti af því verkefni er að aldursgreina marktækt sýni úr stofni þrisvar sinnum á ári: síðsumars, á haustin og vorin. Hér verður fjallað um árangur aldursgreininga úr rjúpnaaflla síðustu ár og dæmi gefin um hvernig aldurshlutföll hafa verið notuð við að ráða í stofnbreytingar rjúpunnar.

Aldurshlutföll á veiðitíma


Mælingar hófust 1963 og um 113.000 fuglar hafa verið aldursgreindir. Þessi gögn, ásamt með niðurstöðum talninga og veiðiskýrslna, hafa t.d. verið notuð til að reikna út heildarstofnstærð rjúpunnar í landinu (sjá viðauka 2 í Kjartan Magnússon o.fl. 2004). Nokkur göt eru í gagnaröðinni en hún er samfelld frá 1988 ef undan eru skilin friðunarárin tvö (2003 og

2004). Sýni til aldursgreininga hafa fengist frá veiðimönnum og yfirleitt þá þannig að þeir hafa sent inn vængi. Aldurshlutföll í aflla eru breytileg innan árs á milli landshluta, og innan landshluta á milli ára (1. mynd). Lægst hefur hlutfall unga verið rétt innan við 50% og hæst rúmlega 80%.

Hlutfall ungfugla, samandregið fyrir landið allt, var mjög hátt um miðbik 9. áratugarins, og svo aftur um miðjan 10. áratuginn, og enn aftur síðari hluta 1. áratugar nýháfinnar aldar (2. mynd). Hlutföllin virðast rísa og hníga og það er fróðlegt að bera þau saman við stofnvísitölu rjúpunnar. Samkvæmt þeirri mynd er hlutfall ungfugla hæst í uppsveiflunni og er byrjað að falla áður en hámarki er náð (sjá árin 1986, 1998 og 2010 í 2. mynd). Þessar kerfisbundnu breytingar á hlutföllum ungfugla í stofni endurspeglar breytingar á afföllum þessa aldurshóps. Takið eftir því að stofnvöxtur í kjölfar friðunar 2003 og 2004 á sér annan aðdraganda en í öðrum uppsveiflum, meira um það hér að neðan.

Umframafföll ungfugla – $Z_{x,w}$ -dánarstuðullinn


Í skýrslu um stofnlíkan fyrir rjúpu er sýnt hvernig hægt er að nota talningar og aldurshlutföll til að meta dánarstuðla rjúpunnar (Kjartan



1. mynd. Breytingar á aldurshlutföllum í rjúpnaaflla 2005 til 2010, sundurgreint eftir landshlutum. Athugið að gildin fyrir 2010 eru bráðabirgðatölur sem örugglega eiga eftir að breytast þegar sýnið er fullkomnað.

